

225. fundur skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurlands – haldinn 19. apríl 2024

Mætt: Dýrleif Nanna Guðmundsdóttir (fulltrúi nemenda), Fríða Rut Stefánsdóttir (fulltrúi foreldra), Guðbjörg Bergsveinsdóttir (fulltrúi kennara), Guðmunda Ólafsdóttir (varamaður Sigríðar Önnu Guðjónsdóttur, skipuð af ráðherra), Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir (formaður), Jón G. Valgeirsson (varaformaður), Olga Lísu Garðarsdóttir (skólameistari), Samúel Örn Erlingsson (skipaður af ráðherra) Sigurður Einar Guðjónsson (fulltrúi sveitarfélaganna), Sigursveinn Sigurðsson (aðstoðarskólameistari).

Sigríður Anna Guðjónsdóttir boðaði forföll.

Gestur á fundi: Haraldur Eiríksson (fjármálastjóri).

Formaður skólanefndar setti fundinn kl. 13:00.

Dagskrá:

1. Fjármál - uppgjör 2023. HE
2. Áætlun um byggingaframkvæmdir við FSu – OLG
3. Starfsmannamál - hættir/nýir - OLG/SMS
4. Námsframboð – OLG/SMS
5. Nýr formaður NFSu – DNG
6. Önnur mál

1. Fjármál - uppgjör 2023 - HE

Fjármálastjóri fór yfir uppgjör ársins 2023. Samkvæmt útkomuspánni var halli á rekstrinum upp á 40 milljónir kr. en þó getur verið að niðurstaðan hafi breyst eitthvað sem mun þá birtast í ársreikningi 2023.

Þá kom fram að öll aðföng hafa hækkað mikið á árinu 2024. Ljóst að rekstrarkostnaður hefur hækkað mikið frá síðasta ári sem mun hafa áhrif á stöðuna í lok þessa árs.

2. Áætlun um byggingaframkvæmdir við FSu - OLG

Skólameistari fór yfir áætlanir hins opinbera um byggingaframkvæmdir við skólann. Nýverið voru undirritaðir samningar um nýbyggingar við þrjá framhaldsskóla, FS, MÍ og FNV. Þá hefur einnig komið fram að til standi að byggja við FSu innan nokkurra ára og er miðað við um 1400 m² byggingu.

Fjármögnunin hefur skipst á milli sveitarfélaga (40%) og ríkis (60%). Mikilvægt er að gera ráð fyrir þessum kostnaði í áætlunum sveitarfélaga jafnt sem hins opinbera.

Umræða um byggingu heimavistar í samhengi við stækkun á kennsluhúsnæði skólans.

Hugmyndin er að öll verkleg kennsla fari í Hamar og í nýja byggingu. Þannig rýmki m.a. aðeins fyrir bóknám í Odda.

Þá liggur einnig fyrir þörf á uppbyggingu á Reykjum.

3. Starfsmannamál - hættir/nýir – OLG/SMS

Umræða um breytingar á starfsmannahópnum í vor. Fimm reyndir kennarar hætta störfum og búið er að auglýsa eftir íslensku- og enskukennara. Þessu til viðbótar lætur skólameistari af störfum í vor og rann umsóknarfrestur út sl. mánudag. Skólanefndin mun funda síðar í dag til að ræða umsögn sína um umsækjendur.

4. Námsframboð – OLG/SMS

Skólameistari sagði frá vinnu sem er núna í gangi meðal starfsfólks skólans við að endurskoða námskrá skólans og námsbrautir. Á kennarafundi í dag verður m.a. farið yfir brautarkjarna námsbrauta skólans og í næstu viku verður rýni á kjarnagreinar, þ.e. dönsku, ensku, íslensku og stærðfræði. Kennarar í rafvirkjun hafa undanfarið unnið að endurskoðun á rafvirkjabraut, m.a. í samráði við Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi.

Þá er einnig vinna í gangi með kennurum á Reykjum til að ná tengingu milli yngri nemenda í FSu og garðyrkjunáms á Reykjum.

Umræða um ferilbók starfsnámsnemenda. Fram kom að talsverður fjöldi nemenda FSu í rafvirkjun hafa til dæmis verið á samningi hjá Árvirkjanum.

5. Nýr formaður NFSu - DNG

Nýr formaður Nemendafélags FSu, Dýrleif Nanna, kynnti sig fyrir skólanefnd og sagði frá því sem er fram undan í félagslífi nemenda. Fyrsti viðburðurinn verður sumardaginn fyrsta í Íðu en þá stendur til að halda softball mót.

6. Önnur mál

Skólameistari sagði frá vinnu sem er í gangi til að efla nám nemenda af erlendum uppruna við skólann. Þessi hópur fer stækkandi í skólakerfinu. Umræða um þátttöku þessa hóps í viðburðum á vegum nemendafélagsins. Lagt til að umsjónarmaður erlendra nemenda sé upplýstur um slíka viðburði til kynningar fyrir þessum hópi.

Umræða um heimavist skólans. Endurnýjun á samningi um heimavist við skólann liggur fyrir og verður hann til eins árs til að byrja með. 22 nemendur munu geta fengið pláss á heimavistinni en þá þurfa einhverjir að deila herbergi með öðrum nemanda..

Skólanefnd færði fráfarandi skólameistara blómvönd að gjöf með þakklæti fyrir vel unnin störf undanfarin 12 ár.

Fundi slitið kl. 14:13

Fundargerð ritaði Sigursveinn Sigurðsson.